

Sandá í Þistilfirði

Veiðistaðalýsing

SVFR hefur gert langtímasamning um leigu á Sandá í Þistilfirði. Við birtum af því tilefni veiðistaðalýsingu þessarar dulúðlegu ár, sem ekki hefur verið á almennum markaði. Magnús Ólafsson, læknir sem einnig var ritstjóri Veiðimannsins, skrifaði lýsinguna og stendur hún enn í dag vel fyrir sínu. Reyndir Sandárveiðimenn sem Veiðimaðurinn ræddi við staðfesta það en hún kom fyrst út árið 1994. Nákvæm og litskrúðug og nauðsynleg fyrir hvern þann sem vill upplifa leyndardóma Sandár og veiða vel. Við ræðum einnig við Stefán Magnússon, son Magnúsar, um helstu hylji Sandár og rifjum upp eftirminnilegar veiðisögur. Stefán sem gaf veiðistaðalýsinguna út á sínum tíma var svo vinsamlegur að leyfa SVFR að birta hana í heild sinni. Ævintýri á bakkanum eru framundan.



Eiður Pétursson með sannkallaðan Sandárhöfðingja. Laxinn veiddist í Neðri Þriggjalaxahyl. Hann tók White wing nr 14.

FOSSHYLUR

Fosshylur nefnist hylurinn undir Sand-árfossi og lýkur þar gönguleið laxins í Sandá, því fossinn er með öllu ólaxgengur. Frá fossinum niður í ós eru um 11 km. með ánni, en loftlínan er um 9,5 km. Fosshylur er mjög djúpur efst. Undir fossinum er hringiða. Bergveggur er til beggja handa og aðeins fáeinir metrar á milli. Nokkru neðan við fossinn er hvilft í bergið austan ár og jafnframt gryn timer hylurinn. Er þá komið niður að Fossbroti. Fáeinir laxar eru skráðir í Fosshyl á síðustu 25 árum (1964-1988). En í raun er þetta ekki staður til að veiða, bæði sökum þess, hve hættusamt það er, og vegna þess að engin aðstaða er til að fást þar við lax, því síður að landa honum. Að vísu hafa menn farið niður bergið uppi við fossinn, en seinni árin hefur því verið hætt, enda voðinn vís, ef maður hrasar þar, undir grængolandi hylurinn og hringiða mikil, sem enginn gæti bjargað sér út úr. Það er þarna smástallur utan í berginu, og engin aðstaða til að landa fiski.

Þó veiddi erlendur veiðimaður þarna 26 punda lax sumarið 1965, og var það hans Maríulax. Það varð honum til happs, að annar veiðimaður fór niður og tókst að ná taki á laxinum, eftir að sá breski hafði dauðþreytt hann.

Ekkert verður komist niður með berginu. En frá Fossbrotinu er hægt að komast upp að neðsta hluta Fosshyls undir bergi, upp að áðurnefndri hvilft, þar sem Fosshylurinn breikkar lítið eitt til austur, og kasta þaðan upp í hylinn.

Ekki virðist það þó gefa mikinn árangur. Fyrir ofan Sandárfoss eru fallegir staðir, þar sem menn hafa stundum fengið ágæta urriða, þeir sem gefið hafa sér tíma og nennt að labba þarna uppeftir.

FOSSBROT

Fossbrot tekur við af Fosshyl, og myndast þar góður straumur í rennu niður úr Foshylnum. Handan árinna, sem hér er aðeins einir 10 metrar á breidd, hefur fallið úr berginu og liggja þar nokkrir stórir steinar eða klettur í og undir yfirborði árinna.

Aðaltökustaðurinn er beint fram af þessum klettum, þar sem áin er hvað mjóst, og liggur fiskurinn þar niður undir botni í smáhviltum, þar sem hann virðist una sér vel með stríðan strauminn yfir sér. Einnig liggur hann oft rétt ofan við sjálfa rennuna, bæði í miðri á og fyrir ofan áðurnefnda kletta. Fiskar sem sjást enn ofar eru eiginlega tilheyrandi Fosshylnym neðst, og þar tekur lax illa. Enn getur lax legið niður strauminn frá rennunni, og er áin þar orðin nokkuð breiðari. Hér er berg beggja vegna árinna, en að vestan er á einum stað brött grasi gróin brekka niður að Fossbrotinu, og er farið þar niður.

Er þá komið að neðsta hluta Fossbrotsins, en undir berginu er stórgrýti upp með ánni að vestan og er farið þar upp til að veiða Fossbrotið. Fara verður varlega hér, því að stutt er að laxinum, sem kann að liggja á brotinu, enda áin hér svo mjó sem áður segir. Löndunaraðstaða er hér ekki upp á það bezta, ekkert undirlendi, og verður að taka laxinn við stórgrýtið,

og því eins gott að þreyta hann vel áður en hann er handsamaður. Fossbrotið er þriðji í röðinni af veiðistöðum í Sandá hvað laxafjölda snertir árin 1964-1988, með 398 laxa, meðalþyngd er 9,04 pund. Þar af er aðeins einn stórlax, en hann var líka sá stærsti, sem veiðst hefur í Sandá, 28 punda hrygna, veidd í júní 1964. Fari lax niður úr Fossbrotinu á færi, er hann tapaður, því ekki verður komist niður með berginu að vestan. En þessi stórlax náðist, þótt niður færi, því annar maður gat seilt eftir stöng veiðimannsins fyrir bergið. Landað var niðri í Ólafshyl!

FLÚDAHYLUR

Flúðahylur er um 200 metrum neðan við Fossbrotið, og þar endar bergveggurinn, sem byrjaði upp við foss. Í þennan bergvegg hafa þó myndast í tímanna rás þrjár grasi grónar geilur að vestanverðu við ána, sú fyrsta við fossinn, og ætti enginn að fara þar niður, eins og áður var bent á, sú næsta við neðri hluta Fossbrotsins, þar sem farið er niður til að veiða þann stað, og sú þriðja og mesta rétt ofan við Flúðahylinn, og hefur ekki þýðingu fyrir veiðimenn, því að bezta er fyrir þá að koma að Flúðahylnum neðan frá og ganga upp klapparbrún upp með hylnum. Enda enginn veiðistaður á milli Fossbrots og Flúðahyls, þar sem áin fellur bratt um stórgrýttan farv eg. Flúðahylur er mjög djúpur efst, en gryn timer svo nokkuð snögglega upp á malarkamb niður undir broti. Að austanverðu eru flúðirnar sem hylurinn dregur nafn af, brún móbergsklöpp, sem rétt flýtur yfir í venjulegu vatni. Brotið er grunnt að vestanverðu og engin veiði þar að hafa. En aðalstraumurinn úr sjálfum hylnum fellur yfir að austurbakka neðan

flúðanna, og þar er aðaltökustaðurinn, frá því neðarlega á flúðinni og þaðan niður með austurbakkanum og alveg niður á harðabrot. Auðvelt er að vaða út á brotið að vestan til og kasta í áttina að austurlandinu. Að vestanverðu við djúpan hylinn er klapparbrún, þar sem aðstaða er góð til að kasta á dýpið. Utan í flúðinni brúnu, á nokkru dýpi, má oft sjá laxa liggja, einkum sjást þeir greinilega, þegar skyggnt er ofan af berginu yfir hylnum. Laxar sem liggja niður með austurlandinu sjást hins vegar ekki, því þar er meiri straumur og stórir steinar í botni, sem lax liggur við og leynist. Á árunum 1964-1988 gaf Flúðahylur 134 laxa, meðalþyngd 9,46 pund. Þar í eru tveir stórlaxar, 22 og 20 pund.

ÓLAFSHYLUR

Ólafshylur byrjar tæpum 50 metrum neðan við brotið á Flúðahyl. Hann er einn af stórhyljum Sandár og fimmti bezt veiðistaðurinn á árabílinu 1964-1988, með 361 lax, meðalþyngd 9,29 pund, og þar af fimm 20 punda stórlaxa. Afar skemmtilegur og þægilegur veiðistaður, sem nýtur mikilla vinsælda, ekki sízt okkar betri helmings og yngri kynslóðarinnar. Sandá fellur bratt niður af brotinu á Flúðahyl, og eru þar stórir steinar með strengjum og einnig litlum flötum inn á milli. Þar leynist stundum lax. Síðan byrjar Ólafshylurinn með miklu dýpi í allkröppum streng, víkkar svo nokkuð til vesturs í átt að veiðimanninum, sem stendur þar að vestanverðu á grasi grónum bala undir brekkunni, eða í ánni neðan balans. Að austan er berg efst, síðan grasbrekka. Undir vatnsyfirborði er að vestanverðu klapparbrún, og dýpið þar úr af, en svo smágryn timer hylurinn um malarbotn niður

á brot, þar sem stór steinn stendur upp úr nálægt vesturbakka, en austan hans er brotið mun neðar. Segja má að hér megi fá lax nánast hvar sem er, uppi í harðastreng, um hylinn þar fyrir neðan og niður með austurlandinu. En mesti tökustaðurinn er ofan við áðurnefndan stein, aðan upp undir klapparbrúninni og þar sem hylurinn grynkar neðan til. Bezt er að veiða Ólafshyl af vesturbakka, en ef til vill, er allgott það niður undir broti, yfir á austurbakkann. Þegar vatn er með mesta móti, veiðist stundum á milli vesturbakka og stóra steinsins, sem áður var nefndur og er nokkurs konar kennimark Ólafshyls. Hver var Ólafur, sem hylurinn er nefndur eftir? Nafnið er gamalt, og mun Ólafur þessi hafa legið við og stundað ádrátt í hylnum hér áður fyrr, - svo sagði Jóhannes heitinn á Flögu undirrituðum.


POLLUR

Pollur hefst um 50 metrum neðan við brotið á Ólafshyl. Ekki lætur þessi veiðistaður mikið yfir sér og eru margir staðir í ánni ekki síður álitlegir, þótt ekki hafi þeir eignast sitt eigið nafn. Ástæðan er trúlega sú að Pollurinn “liggur vel við höggi”, þegar gengið er niður með ánni frá Ólafshyl, og eiginlega ekki hægt annað en að kasta á hann, og þannig hefur hann orðið til sem veiðistaður. Þar hafa á síðustu 25 árum veiðzt tæplega hundrað laxar, meðalþyngd aðeins 7,53 pund, og enginn stórlax þar. Mun staðurinn vera vinsæll hvíldarstaður smærri og miðlungslaxa, en stærri laxar skunda frekar rakleiðis upp í Ólafshyl. Þetta eru aðallega tveir strengir nálægt vesturlandinu, þar sem veiðimaðurinn strikar með stengur sínar niður úr Ólafshyl. Og hér ber að fara hljóðlega niður

bakkann, því að tökustaðirnir eru skammt undan landi. Afar þægilegur veiðistaður, sem betra er að taka á leið niður ána, því að hætt er við styggð, þegar gengið er upp með ánni framhjá Polli sökum nálægðar við bakkann. Neðst á þessum veiðistað er steinn, sem stendur upp úr ánni í venjulegu vatni. Lax liggur gjarnan ofan við þennan stein, og svo uppi í strengjunum tveim. Spölkorn neðan við Pollinn, þar sem áin hefur sveigt út undir austurbakka á leið sinni til Húsahyls, er staður, sem stundum hefur gefið lax, þó að ekki beri hann nafn í veiðiskýrslum. Undirritaður hefur fengið þarna nokkra laxa, og nefndi ég hann Grjóta á sínum tíma, en veiðin er talin með “ómerktum veiðistöðum” í skýrslum um veiðina í Sandá. Svo er einnig um ýmsa aðra staði í þessari stórkostlegu laxveiðiá, að þeir hafa ekki fengið nafn, en myndu þó vafalaust gefa þokkalega veiði, ef mönnum væri beint að þeim með nafngift.

HÚSAHYLUR

Húsahylur er einhver almesti hylurinn í Sandá, dulmagnaður og stórkostlegur veiðistaður, sem ókunnugir gætu staðið við um lengri tíma án þess að gera sér grein fyrir, hvar kasta ætti. Sem reyndar er ekki furða, því að segja má, að von sé á laxi hvar sem er á þessum veiðistað. Í hylinn falla tveir aðalstrengir, sá vestri liggur niður með bergbrúninni, sem veiðimaðurinn er staddur á, hinn utar. Ofarlega, milli strengja eru stór björg í botni, og liggur oft lax utan í þeim, sem og niður með klapparbrúninni undir fótum veiðimannsins. Neðan klappar kemur djúpt vik í bakkann, og hafa veiðimenn séð ótrúlega stóra laxa undir klöppinni næst fyrir ofan



Þetta vik, en einnig liggja stundum laxar undir klapparröndinni neðan viksins. Kemur nú mikil breiða með hægum en drjúgum straumi, ar sem laxar liggja í djúpi og hugsa sitt. Þar niður af er stór steinn upp úr ánni nær austurbakka. Cið þennan stein og niður af honum, undir klapparbrúnum, liggja oft laxar, einkum í miklu vatni. Veðiðmaðurinn stendur nú á grasi grónum vesturbakka árinna, undir hárrí brekku, og kastar á mikla breiðu niður af sjálfum hylnum.Ef til vill getur hann séð niður í botn, þegar sól skín í heiði, og ályktað sem svo að hér sé enginn lax, því hann sér engan. En slíkt er skynvilla, því að hér liggur yfirleitt alltaf lax, þegar lax er á annað borð kominn í ána, - og svo er bara að kasta.

Húsahylurinn er sjöundi mesti veiðistaðurinn í Sandá 1964-1988 með 344 laxa, meðalþyngd 9,59 pund, þar af fimm stórlaxa, 25 punda lax og fjóra 20 punda. Ef tími gefst til, þá skalt þú, veiðimaður góður, vaða út á brotið og reyna þar í rennunum. Þær gætu gefið þér lax, þó að ekkert hafi verið að hafa upp frá.

MAGNÚSARSTRENGUR

Magnúsarstrengur er tæpum 150 neðan við brotið á Húsahyl, krappur strengur, þar sem veiðst hafa örfáir laxar á sl. 25 árum. Hafa þeir fengizt neðarlega í strengnum eða beggja vegna við hann. Nafnið er þannig til komið, að undirritaður fékk þarna lax fyrir nokkrum árum, og ekki vitað til að áður hafi veiðzt í þessum streng, utan hvað Jóhannes í Flögu greindi mér frá Bretum tveim, sem fengið höfðu veiði þar fyrir síðustu aldamót.

HRINGUR

Hringur er næstur og aðeins brotið á Magnúsarstreng á milli. Staðurinn er hringlaga og gæti dregið nafn af því, eða þá af hringstraum þeim sem er um ofanverðan hylinn. Neðan við hringstrauminn, út undir austurbakka, er klettur upp úr ánni. Til hliðar við þennan klett og niður af honum, þar sem góður straumur er nær austurlandi, eru aðaltökustaðirnir. Er þar alldjúp renni í botni, með klapparbrún að vestan og stórum steinum að austan, og liggur lax oft í þessari rennu og svið steinana. Ofarlega við rennuna gengur klapparrani út í ána frá vesturbakka, og myndast strengur niður af honum, sem lax getur legið í og tekið, þegar vatnsskilyrði henta. Hringur er 11.í röð veiðistaða hvað viðkemur fjölda veiddra laxa árin 1964-1988, með 195 laxa, meðalþyngd 9,5 pund, og eru þar tveir stórlaxar 21 og 20 pund. Þetta er nokkuð dyntóttur veiðistaður sem veiðimenn gætu í fljótu bragði áætlað, að hefði átt að gefa meira, því að staðurinn er fallegur og veiðilegur, og ekki stærri en svo, að auðvelt er að ná um hann allan. En býsna oft viðrist hann vera fisklaus, þó að lax sé á stöðunum fyrir ofan og neðan, og kann það etv. að stafa af því, að lax sýnir sig óvenjulítið í Hring, miðað við ýmsa aðra staði í ánni.

ÞRIGGJALAXAHYLUR EFRI

Þriggjalaxahylur efri byrjar um 200 metrum neðan við Hring. Neðan við sjálfan veiðistaðinn í Hring rennur áin fyrst fremur lygn og stórir steinar upp úr, en sveigir síðan mjúklega fyrir horn, og kemur þá krappur strengur ofan í


Þriggjalaxahylinn. Sá strengur er með austurbakka, en smærri strengur nær vesturlandinu. Strengir þessir sameinast brátt og litlu neðar brýtur á steini austan við miðja á. Á svæðinu kringum þennan stein, út undir austurbakka til hliðar við steininn, og ekki síður vestur af honum, eru helztu tökustaðirnir. Lax liggur líka upp í báða strengina, og í miklu vatni nálægt vesturbakkanum. Handan við austurstrenginn efst er berg að ánni, og í lygnunni undir því fæst stundum lax. Einnig veiðist neðst á staðnum, alveg niður undir brot. Þriggjalaxahylur er fallegur og skemmtilegur veiðistaður, og oft gjöfull. Á árabílinu 1964-1988 er hann 6.gjöfulasti veiðistaðurinn í Sandá, með 352 laxa, meðalþyngd 9,87 pund, og eru þar með tveir stórlaxar 21 og 20 pund. Á bakkanum við Þriggjalaxahyl efri hafa veiðimenn gjarnan “bækistöð” á ferð sinni á efra svæði árinna. Og fáir staðir í ánni munu njóta jafn mikill vinsælda kvenþjóðarinnar, enda hafa þær margan laxinn dregið einmitt hér. Enda staðurinn auðveiddur, ekki ýkja stór um sig og ekki þörf að vaða mikið. Í vesturbakkanum er allstór klettur, nokkurs konar kennimark stöðarins, ásamt áðurnefndum steini sem brýtur á úti í ánni. Efst við vesturbakkann er grýtt, en þar fyrir neðan klapparbotn, sem gott er að vaða út á til að ná að kasta alveg yfir að austurbakkanum, eða þá bara að steininum og láta færið líða í átt að vesturbakkanum. Og hann er á!

STEINABREIÐA

Steinabreiða er í beinu framhaldi af Þriggjalaxahyl efri, á milli er stórgrýtt brot, þar sem lax getur legið, en hætt er

við festum þar. Áin breiðir hér nokkuð úr sér. Botninn er mosavaxin klöpp, en niður breiðuna ganga sprungur inn á milli, eitt-hvað á annan metra á dýpt þær stærstu, en grynast þegar neðar dregur. Í venjulegu vatni er auðvelt að vaða yfir ána neðarlega á breiðunni, en varla tekur því, því að laxinn liggur aðallega vestanvert á breiðunni.

Ofarlega á Steinabreiðunni nálægt vesturbakka stendur stór, kúptur steinn upp úr ánni. Gjarnan liggur lax við þennan stein og í sprungu, sem liggur niður frá honum og grynast og breikkar smám saman nður undir brotið. Einnig liggur oft lax í sprungu, sem er rétt utan við þennan stein, og þar niður af. Annars getur lax tekið nánast hvar sem er á Steinabreiðunni vestanverðri, ofan við steininn og þaðan út á miðja á upp undir stórgrýtinu, einnig jafnvel landmegin við steininn, og því rétt að byrja að þreifa fyrir sér með stuttum köstum þar. Er kemur niður undir brot, liggur lax aðallega niður af áðurnefndum tveim sprungum, en viðrist síður liggja austar á brotinu. Steinabreiðan er með beztu og skemmtilegustu veiðistöðum í Sandá, á 25 ára tímabili (1964-1988) reyndist hún annar gjöfulasti veiðistaðurinn í ánni, með 423 laxa, meðalþyngd 8,72 pund. Á þessum árum hafa veiðzt þar tveir stórlaxar, 25 og 20 pund, en meðalþyngdin sýnir að smærri laxinn unír þar vel líka. Til gamans má nefna, að það var hér sem aflaklín mikla, Kristján í Crystal, fékk sinn stærsta lax, 29 punda hæng á spón. En hér verður að fara gætílega með spón, því að hætt er við að hann festist í mosagrónum botninum, og eru flugan og maðkurinn alla jafna heppilegri veiðarfæri á Steinabreiðu.



VERSKÁLAHYLUR

Verskálahlur er ríflega hálfum kílómetra neðan við Steinabreiðu og rennur áin á því bili nokkuð breið og stríð um algrýttan farveg, unz fer að nálgast Verskálahlur, að hún beygir til austurs og þrengist í flúðum og hávöðum, en sveigir nokkru neðar til norðausturs á ný og myndar djúpan og þröngan hyl, Verskálahlur. Með hylnum að vestanverðu er dálítið undirlendi eða sylla undir hárri lyngbrekku, en handan ár er berg niður fyrir miðjan hyl og þá sandvik.

Þar sem bergið þrýtur austan ár gryn timer hylurinn upp á malarkamb og breikkar, en austan við kambinn heldur dýpið áfram í mjórri gjá alveg niður á brot. Laxinn liggur niður með berginu austan ár og um miðjan og neðanverðan hylinn við stóra steina, sem eru þar í botninum, og niður á þann stað, þar sem hylurinn gryn timer nokkuð snögglega upp á malarkambinn. Bezti tökustaðurinn er þó gjáin handan við kambinn, frá því neðst við bergið, niður með sandinum og alveg niður á brot. Í venjulegu vatni er hægt að vaða út á mölina frá vesturbakkanum, nokkru neðan við þrjá stóra steina, sem þar eru í bakkanum, og kasta þaðan á gjána, því að nokkuð löng köst þarf á hana frá landi, og festuhætta þá talsverð. Af mölinni má einnig renna á brotið beint fyrir neðan, þar sem oft liggur lax í sjálfu útfallinu.

Verskálahlur er nokkuð mishittur og áraskipti á því, hve gjöfull hann er, en í heildina er hann á 25 ára tímabili (1964-1988) sá 10. í röðinni af veiðistöðum, með 264 laxa. Hins vegar er hann með mesta meðalþyngd þeirra veiðistaða, sem ein-

hvers mega sín, eða 10,3 pund, og hefur gefið þrjá stórlaxa, 23, 22 og 20 pund. Smálax sést þar yfirleitt lítið. Af nafninu á þessum stað fara ekki sögur, en Jóhannes í Flögu taldi töftir verskálans sjást eða hafa sést vestan ár, og hefur líklega verið dregið hér á fyrnum.

AGNARSKVÖRN

Agnarskvörn er um 100 metrum neðan við útfallið á Verskálahlur. Áin fellur hér bratt um strógrýti og kletta og breiðir nokkuð úr sér. Hér er mikið af smákvörnum og kröppum strengjum innan um hávaðana, en lax stöðvast þar lítið. Í einni kvörnninni setti þó Agnar í Kassagerðinni í lax fyrir allmörgum árum og dregur staðurinn nafn af því. Síðan hafa veiðzt hér nokkrir tugir laxa og einnig í strengnum fyrir neðan hávaðana, og hefur það allt verið talið til Agnarskvarnar, þó að minnst af því hafi líklega fengist í hinna upphaflegu Agnarskvörn.

RAFSTRENGUR

Rafstrengur er um 700 metrum neðan við Agnarskvörn og fellur áin á því svæði nokkuð breið um grýttan og klettóttan farveg, flúðir og hávaða, með ótal pollum, kvörnum og strengjum inn á milli, þar sem fá má lax og lax hér og þar, þó að enginn sé hér merktur veiðistaður. Rafstrengurinn, þar sem að raflínan liggur yfir ána, er mjór stokkur undir klöppinni að vestanverðu, og hafa veiðzt hér fáeinir laxar á undanförnum árum.

FLJÓTIÐ

Fjótið er um 150 metrum neðar og fellur áin milli þessara staða um grýttan farveg, með smápollum og strengjum, þar sem nokkrir laxar hafa veiðzt, einkum í strengjum, þar sem nokkrir laxar hafa veiðzt, einkum í strengnum sem fellur í sjálft Fljótið. Úti í miðri á stendur stór klettur upp úr og lygnara vatn þar fyrir neðan. Lax liggur stundum við þennan klett og niður af honum, en einnig í strengnum milli hans og vesturbakkans, eins og áður sagði, og þaðan niður undir brot. Í grjótinu ofan klettsins liggur líka stundum lax. Á þessu svæði sem einu nafni kallast Fljótið, hafa veiðzt nokkrir tugir laxa á sl. 25 árum.

HÆÐARÞÚFUHYLUR

Hæðarþúfuhylur er einn af stærstu hyljunum í ánni, og byrjar um hálfan kílómetra neðan Fljótsins, en þar á milli eru strengir og hávaðar og teljast ekki veiðistaðir. Hæðarþúfuhylur er um 150 metra langur, þröngur og mjög djúpur efst, en víkkar og gryn timer um neðri helminginn, botninn sprungin klöpp og mól inn á milli, hamraveggir beggja vegna með grýttum, mjóum bakka meðfram ánni.

Farið er niður einstigi efst að vestanverðu og er þar klapparnef út í ána, þaðan sem kastað er á efri hluta hylsins. Þar í dýpinu liggur yfirleitt alltaf lax, þegar sá tími er kominn, og oftast vænn. Nokkru neðar gengur bergið að vestanverðu þverhnipt út í ána, þó þannig að hægt er að tylla tá á litlar syllur og festa hönd á nibbur í berginu og komast þannig fyrir, en ekki er ráðlegt að reyna það nema í skaplegu

vatni, því að undir er dýpi. Ella verður að fara aftur upp einstigið, ganga niður með hylnum ofan bergs og síðan upp með honum neðan bergs, og kasta svo þaðan niður allan hyinn, sem nú er reyndar frekar breiða en hylur.

Einnig er auðvelt að vaða yfir á brotinu, ef vatn er ekki með meira móti, og kasta á þessa breiðu frá austurlandinu, en lax liggur þar víða, einkum við steina, sem örlar á nær vesturlandinu, í sprungum miðsvæðis í ánni og þá ekki síður nær austurbakka, og oft liggur talsvert af laxi undir bergi, sem gengur þar að ánni að austanverðu, og er þar vætt fyrir, ef ofar skal reyna.

Loks getur lax legið niðri á brotinu nánast hvar sem er. Hæðarþúfuhylur er nokkuð mishittur, hefur gefið 180 laxa á 25 árum (1964-1988), meðalþyngdin er 9,97 pund, og tvo stórlaxa, 22 punda. Nafnið á hylnum er dregið af Hæðarþúfunni austan ár, litlum hól, sem vel má greina og merktur er á Íslandskort Herforingjaráðsins.

STRENGIR

Strengir nefnist kaflinn, sem við tekur er brotinu á Hæðarþúfuhyl sleppir, og rennur áin hér prúð og smástrengjött um 150 metra leið niður að hávaðanum, þar sem Jóhannes tekur við. Hér hafa aðeins sárafáir laxar verið skráðir.

JÓHANNES

Jóhannes er á beygjunni fyrir neðan Strengi, þar sem áin hallar sér í norðlæga stefnu, og hefst staðurinn í hávaða eða smáfossum, og þá allkrappur strengur,

sem fljótlega breiðir úr sér og hægist. Er áin mjó við strenginn efst, en breikkar svo til beggja átta áður en hún tekur aftur stefnuna til norðausturs. Neðarlega í strengnum stendur klettur upp úr ánni og liggur stundum lax við hann og milli hans og vesturbakka eða þar niður af, en einnig ofar í strengnum vestanvert og alveg upp í hvítfyssið. Hér hafa fengizt nokkrir tugir laxa á árunum 1964-1988. Staðurinn var skírður Jóhannes fyrir nokkrum árum, til minningar um Jóhannes í Flögu látinn, en fram til þess tíma taldist þessi laglegi staður tilheyrja Strengjum.

HAMARSHYLUR

Hamarshylur er næsti merkti veiðistaður, um 200 metrum neðan við Jóhannes, undir Hamraveggnum, sem gengur fast að ánni og byrjar nokkru neðan við Jóhannes og nær að hálsinum á Þriggjalaxahyl neðri.

Helst er að veiða þennan stað frá austurlandinu, en eyri er þar með ánni á alllögum kafla. Staðurinn mun þó oftast lítið reyndur. Þar eru skráði örfáir laxar á 25 árum, en meðalþyngdin er 12,86 pund, svo að hér virðist aðallega stöðvast mjög stór lax. Nokkru ofar en Hamarshylur, er annar hylur undir berginu, sem ekki hefur fengið nafn, en sumir kallað Berghyl, og hafa þar veiðzt nokkrir laxar. Þennan stað má veiða með því að ganga neðan bergs niður með ánni, því að síðasta syllan er við hylinn.

ÞRIGGJALAXAHYLUR NEÐRI

Þriggjalaxahylur neðri byrjar tæpum 100 metrum neðan við Hamarshyl. Bergveggurinn sem lokað hefur gönguleið

með ánni að vestan á kafla, endar efst við Þriggjalaxahyl neðri og þaðan er mjór bali með ánni undir brekku. Varast ber að ganga hér fram á brekkubrún, til að styggja ekki, heldur ganga að ánni fyrir neðan hylinn og þaðan upp undir brekkunni. Hylurinn byrjar á kröppum streng undir berginu, og er þar fáeinir metrar á breidd, en svo slær áin sér til austurs og breikkar.

Efst að austan er eyri, og ef menn vilja leggja það á sig að vaða yfir ána niðri á broti, sem er slæmt vað vegna straums og stórgrýtis, er betri aðstaða á eyrinni en að vestan til að veiða hálsinn á hylnum. Neðar er hins vegar erfiðara að ná til laxins austan megin frá.

Aðalstrengurinn liggur frá berginu niður með vesturlandinu, og þar er bezti töku- staðurinn efst og einnig við stóra steina, sem örlar á nokkrum metrum neðar. Lax getur einnig legið austur af strengnum. Litlu neðar ganga grynningar frá vesturbakka út í miðja á, með klapparsprungum og grjóti, og í mátulegu vatni liggur þar oft lax. En aðalstrengurinn rennur utan við grynningarnar og síðan niður með austurbakkanum og er þar orðinn stríður vegna halla og vatnsmagns. Lax stöðvast þar ekki, og eru neðstu legustaðir laxins við stóra steina, sem standa upp úr í vesturjaðri strengsins ofarlega.

Botninn í Þriggjalaxahyl neðri er klöpp, sprungin og með mól og sandi hér og þar og grjóti víðs vegar. Þetta er ekki einn af stórhyljum Sandár, hvað snertir dýpi, vatnsmagn og umfang, en hann er einn af beztu veiðistöðum árinna, eða sá 8. í röðinni hvað snertir laxafjölda í 25 ár, með 334 laxa, meðalþyngdin 9,55 pund,

og hann hefur á þessum árum gefið fjóra stórlaxa, 23, 22, 20 og 20 pund. Skemmtilegur staður og oft gjöfull.

KARLSKVÖRN

Karlskvörn. Um 100 metrum neðan við þann stað, þar sem raunverulega töku- staði í Þriggjalaxahyl neðri þrýtur, vegna vatnspunga og halla í strengnum, sem þar tekur við með austurbakka, eru nokkrir hávaðar, og sveigir áin þar lítið eitt í norðlægar stefnu. Svæðið neðan þessara hávaða mun yfirleitt lítið reynt, en fyrir allmörgum árum veiddi Karl Guðmundsson íþróttakennari lax í holu neðan við einn af mörgum steinum, sem eru á svæðinu neðan hávaðanna, og fékk staðurinn nafn hans. Síðan hafa veiðzt hér fáeinir laxar, en þó má víst telja, að þeir hafi ekki allir fengizt í þessari sömu holu, heldur hér og þar fyrir neðan hávaðana, en allt er það skráð í Karlskvörn. Fyrir neðan hávaðana tekur áin norðaustlæga stefnu á ný, og kemur nú um 200 metra kafli, þar sem áin breiðir nokkuð úr sér og rennur frekar grunn um algrýttan farveg. Síðan sveigir hún í austurátt fyrir suðvesturend- ann á Stekkjarhólanesinu.

KLAPPARHYLUR


Klapparhylur nefnist staðurinn, sem nú er komið að, lítill hringlaga hylur og djúpur, umvafinn klöppum og klettum, eins og nafnið bendir til. Ekki virðist lax una vel á stað þessum, ef marka má veiðitölur, en hér hafa aðeins veiðzt örfáir laxar á 25 ára tímabili, þrátt fyrir að þetta sé annar af tveim raunverulegum „heimahyljum“ árinna, þ.e. sem næstir eru veiðihúsinu.

Í hylnum er hringstraumur, sem gæti verið orsök. Klapparhylur á sér dálitla sorgarsögu, því að hér fannst lík konu frá Grímsstöðum fyrir mörgum árum, sem fallið hafði í ána og drukknað langt upp með á, eða nálægt bænum sínum, sem stendur undir Grímsstaðafalli, eða stóð, því að í eyði fór hann fyrir allöngu síðan.

KOFAHYLUR

Kofahylur tekur við af Klapparhyl, á milli þeirra eru hávaðar eða smáfoss, þar sem áin fellur þröngt niður í Kofahylinn. Við tekur harður strengur og djúpur, en svo víkkar áin til austurs, meðfram eyri að austanverðu og enn meira neðan eyrar- innar og er þar orðin breið. Lax getur tekið víða í Kofahyl, á svæðinu frá vesturbakka yfir að eyraroddanum að austan og allri breiðunni þaðan niður á brot. Strengurinn með vesturbakka breiðir úr sér og myndar góðan straum niður alla breiðuna. Nokkra metra frá vesturbakka eru stórir steinar í botninum sem sjást vel, og liggur oft lax við þá. Einnig austar, niður af oddanum á eyrinni.

Lax getur einnig legið nálægt vesturbakk- anum neðarlega. Á brotinu er steinaröð þvert yfir ána, og stundum liggur lax við þessa steina. Í skikkanlegu vatni er auðvelt að vaða yfir brotið ef menn vilja, en hefur yfirleitt lítinn tilgang, nema ef reyna skal köst af eyrinni, og þá einkum á austanverða breiðuna. Hins vegar er aðstaðan hin bezta á grasi grónum vestur- bakkanum, einn notalegasti staðurinn við ána, og sérlega vinsæll af „heimavinnandi húsmæðrum“, sem hafa orðið eftir í hús- inu til að gegna eldhúsverkum, en geta skroppið í Kofahylinn, sem er rétt fyrir



neðan veiðihúsið. Kofahylurinn er í 11.-12. sæti hvað snertir aflasæld, með 195 laxa á árunum 1964-1988, meðalþyngd 9,59 pund og tvo stórlaxa, 22 og 21 pund. Nafn sitt dregur hylurinn af kofa, sem brezkur veiðimaður lét gera sér eitt árið skömmu eftir fyrri heimstyrjöld, og má enn greina rústir hans milli veiðihússins og árinna. Þessi brezki veiðimaður, sem hafði særzt illa í stríðinu og bar þess merki, dvaldizt sumarlangt í þessum kofa, eða þar til hann hafði veitt nákvæmlega 100 laxa, þá hélt hann heim og kom ekki aftur.

STÉKKJARHÓLANESHYLUR

Stekkjjarhólaneshylur er næsti veiðistaður fyrir neðan Kofahyllinn. Hann ber nafn af nesinu, sem veiðihúsið stendur á og hefst ofan Klapparhýls og endar við Bjarnadalshyl, en áin beygir í sveig austan við þetta nes. Frá brotinu á Kofahyl niður í hálsinn á Stekkjarhólaneshyl eru tæpir 100 metrar og fellur áin þar bratt um grýttan farveg. Stekkjarhólaneshylur byrjar með kröppum streng, sem liggur niður með klapparbrún að austanverðu við ána, en að vestanverðu er sandur og mól, sem smáðýpkar út að strengnum. Strengurinn dreifist um austanverða breiðuna fyrir neðan, en til norðurs slær sér út hægur straumur í áttina að brotinu. Lax liggur mest þar, eða frá strengnum neðanverðum yfir undir vesturbakka. Breiðan gryn timer niður undir brotinu og er auðvelt að vaða ána þar. Stundum liggur lax á blábrotinu, eða réttar sagt aðeins fyrir neðan það, þar sem áin tekur að halla sér nokkuð brött í áttina að Bjarnadalshyl, tæpum 200 metrum neðar. Á milli þessara hylja eru ekki veiðistaðir. Stekkjarhólaneshylur á það til að vera nokkuð dyntóttur, hefur

gefið 130 laxa á 25 árum, meðalýngd 9.26 pund. Til eru þeir veiðimenn, sem hafa veitt Sandá öll þessi ár og aldrei orðið varir í Stekkjarhólaneshyl, en öðrum hefur hann tekið betur, þ.á.m. þeim sem þetta skrifar, s.b.r.18 punda lax fyrir mörgum árum, sem lengi var stærsti lax undirritaðs úr Sandá og sá fyrsti úr Stekkjarhólaneshyl. Raflínan til veiðihússins liggur hér yfir ána, og verða veiðimenn að gæta sín að sveifla ekki veiðilínunni í rafstrenginn, slíkt gæti haft alvarlegar afleiðingar að sjálfsögðu.

BJARNADALSHYLUR

Bjarnadalshylur er einn af beztu veiðistöðum Sandár, er í fjórða sæti á 25 ára tímabili með 368 laxa. Hann er ásamt Verskálahyl mesti stórlaxahylurinn í ánni, meðalþyngdin 10,12 pund, og hann hefur gefið 10 stórlaxa, 20-27 pund. Nafnið dregur hann af lítilli lægð eða dalverpi neðar við ána að austanverðu, rétt ofan við Hornhylinn. Bjarnadalshylur byrjar í kröppum, mjóum og djúpum streng. Er þar sprunga í árbotninum og allt umgirt klöpp. Þessi sprunga breikkar og gryn timer jafnframt, er neðar í hylinn kemur, og þar fyrirneðan tekur við malarborinn klapparbotn niður á brotið. Neðan hylsins er hólmi í ánni, og rennur áin báðum megin við hann, en aðalvatnsmagnið þó austan hans. Auðvelt er að vaða ána hér, fyrst yfir vesturlænuna út í hólmann, þaðan á ská upp brotið á aðallænunni yfir á austurbakkann. Bjarnadalshylur breikkar neðan við hálsinn, strengurinn heldur stefnu sinni undan vesturbakka, en áin slær sér út til austurs, og er þar lygnari og straumminni niður á brot. Veiða má Bjarnadalshyl frá hvorum bakka sem er, þó

verður neðri hlutinn bezt veiddur frá vesturbakka, en uppi í strengnum er aðastaðan ekki síðri að austuan. Laxinn liggur niður allan strenginn og austurjaðri hans, getur legið djúpt uppi í harðastreng og í gjánni eða sprungunni niður fyrir miðjan hyl, eða upp á brún sprungunnar að austuan, en síður niður með vesturbakka eða um austanverða breiðuna. Lax gengur ekki svo vitað sé upp með hólmanum að vestanverðu, heldur upp aðalstrauminn austan við hólmann. Bjarnadalshylur er skemmtilegur og spennandi veiðistaður og aðstaða öll góð. Þó mættu menn taka rösklega til fótanna, ef stórlax strikaði niður úr hylnum, því að þyrfti að hlaupa niður vesturbakkann og koma sér sem snarlegast út í hólmann til að fylgja laxinum eftir.

STRANGUR

Strangur nefnist veiðistaður í austurkvíslinni neðan við Bjarnadalshyl, undan hólmanum miðjum, þar sem hluti vesturkvíslarinnar hefur brotið sér leið í gegnum hólmann og sameinast austurkvíslinni. Þetta er stuttur og mjór veiðistaður með góðum straumi, en talsverðum festum í botni. Oftast er veitt úr hólmanum, en að austan er lágur bergveggur. Lax getur hér tekið hvar sem er, eftir því hve mikið vatnið er. Strangur hefur gefið nokkra tugi laxa, en af þeim voru fjórir stórlaxar 25, 21, 20 og 20 pund.

GUNNARSSTRENGUR

Gunnarsstrengur er í beinu framhaldi af Strang, með neðanverðum hólmanum að austuan, á milli er stutt, grýtt brot. Efst er krappur, mjór strengur, en svo slær áin sér til austurs og breikkar. Hér má

veiða hvort heldur er, úr hólmanum, eða frá austurbakka, þar sem eru klappir og sandur. Strengurinn breiðir úr sér og aðalstraumurinn verður þá meiri til austurs niður á brotið þeim megin, sem verður betur veitt af austurbakka. Neðan við hólmann nær vesturbakka er stór steinn upp úr, þar sem vesturkvíslin sameinast austurkvíslinni. Lax liggur oft ofan við þennan stein og alveg upp í harðastreng, en einnig liggur gjarnan lax á milli steinsins og austurbakkans, alveg niður á blábrot. Gunnarsstrengur hefur verið vaxandi veiðistaður hin síðari árin.

Á árabílinu 1964-1988 hefur hann gefið 122 laxa, þar með tvo stórlaxa, 21 og 20 pund, en meðalþyngdin er 9,2 pund. Af þessum löxum hafa 100 komið á seinni hluta ofangreinds árabíls. Undirritaður á þá minningu frá Gunnarsstreng að hafa misst stórlax í fyrstu veiðiferðinni í Sandá haustið 1964. Sá tók í röstinni þar sem kvíslarnar sameinast neðan við hólmann, rétt ofan við steininn. Hann sleit nýtt 20 punda girni eins og tvinna! Nafn þessa veiðistaðar er gamalt.

HORNHYLUR

Hornhylur er tæpum 300 metrum neðan við Gunnarsstreng og áin rennur á milli þessara veiðistaða um grýttan farveg, þar sem lax virðist ekki stöðvast, nema þá helzt stundum í streng niður með austurbakka rétt neðan við Gunnarsstreng, en þar ber við að lax liggi. Rétt ofan við Hornhylinn fellur Bjarnadalslækur í ána frá austri. Í þennan læk slepti Jóhannes á Flögu kviðpokaseiðunum sínum fyrr á árum, en á síðari árum hafa þirstlar látið sleppa sumaröldum seiðum í lækinn.

Hornhýl má veiða frá báðum bökkum, að austan er þá staðið í landi, en að vestan vaðið nokkuð út til að ná að kasta á strenginn, sem fellur mun nær austurbakkanum niður veiðistaðinn, en í strengnum og til beggja hliða við hann tekur laxinn aðallega, alveg frá því upp í harðastreng og niður undir þar sem klettur eða stór steinn stendur upp úr austurkvíslinni efst, en áin skiptir sér hér og rennur báðum megin við allmikinn hólma í ánni. Mun laxinn ganga upp aðallega eða eingöngu vestan við hólmann. Þar er grunnt og breitt brot og auðvelt vað á ánni yfir í hólmann og þaðan yfir á austurbakkann. Segja má að Hornhýlur sé ekki réttnefni, því að hér er í rauninni enginn hýlur, heldur strengur, og hann ekki ýkja djúpur. Botninn er grýttur og festuhætta talsverð. Áin sveigir í norðlæga stefnu neðan við Hornhýlinn og dregur hann nafn af því. Hornhýlur er sá 9. í röðinni hvað snertir aflasæld á árunum 1964-1988, með 305 laxa, meðalþyngd 8,75 pund. Hann hefur gefið tvo stórlaxa, 23 og 20 pund, báða sumarið 1987, og er sá síðarnefndi undirrituðum minnisstæður, því það var minn fyrsti stórlax, silfurgljáandi hængur og veiddur í opnun árinna, þann 22.júní, á maðk.

BARÐIÐ

Barðið er spölkorn neðan við Hornhýlinn, undir háum grasbakka, sem vesturkvísl árinna hefur grafið út úr móanum, og kemur hluti austurkvíslarinnar þar saman við vesturkvíslina. Ekki er þetta mikill veiðistaður, aðeins örfáir laxar hafa veiðzt þar, og fékk undirritaður þann fyrsta fyrir mörgum árum og gaf staðnum þetta nafn.

Ef til vill gæti hann þó átt til að gefa meiri veiði, ef betur væri þar reynt, einkum þegar fiskur er að ganga í ána. En margir líta sjálfsagt framhjá Barðinu, telja tím-anum betur varið við aðra staði. Það tekur þó ekki nema nokkrar mínútur að ganga þangað frá Hornhýlnum og reyna nokkur köst.

TRYGGVASTRENGUR

Tryggvastrengur er nokkru neðar undir sama grasbakkanum og kemur megnið af austurkvíslinni saman við þá vestari hér.

Hér fékk Tryggvi heitinn í Ora feiknagóða veiði fyrsta sumarið, sem Þistlar voru með ána, þ.e. 1964. Hann veiddi hér sjö laxa, sem samtals vógu 100 pund, eða meðalþyngd 14,29 pund. Síðan hefur enginn fengið hér lax, en kannski hafa menn ekki reynt þennan stað nú í mörg ár, af sömu ástæðu og áður var getið um Barðið. Tryggvi taldi líka, að staðurinn hefði breytt frá því að hann lenti í ævintýrinu mikla sumarið 1964. Frá Tryggvastreng er um 1 km. niður að næsta merкта veiðistað, Brúarhýlnum.

Á þessari leið eru margir fallegir smástrengir, holur og kvarnir. Samt er ekki vitað til þess, að veiðimenn hafi nokkurn tíma gefið sér tíma til þess að skoða þetta svæði nánar og prófa það, og er það í raun furðulegt, en endurspeglar aðeins þá staðreynd, að í Sandá hefur hver stöng yfir svo stóru svæði að ráða, að menn komast varla yfir að reyna hina þekktari staði, hvað þá að leita að nýjum veiðistöðum.

BRÚARHÝLUR

Brúarhýlur er sá veiðistaðurinn í Sandá, sem flesta hefur gefið laxana á árabílinu 1964-1988, eða 444 laxa, meðalþyngd 9,54 pund, og voru fjórir þeirra stórlaxar, 22,21,20 og 20 pund. Munar þó litlu á Brúarhýl og Steinabreiðunni. Gamla brúin lá yfir hálsinn á hýlnum, frá austri til vesturs, en nýja brúin er aðeins ofar, og er meira frá norðri til suðurs. Beygja er á ánni við brúna, stefnan er nú til norðausturs eftir að hafa verið meira austlæg ofar. Brúarhýl má veiða báðum megin frá, að vestan, eða Flögu-megin, þar sem er kofi sem geymir sírita vegna rennismælinga, eða að austan, þar sem öllu skemmtilegra er að standa að veiðinni, sandeyri og grasin gróinn bakki.

Lax getur tekið nánast hvar sem er, þó einna sízt í sjálfum hýlnum, sem er efst og ekki ýkja djúpur, en frekast á breiðunni niður af hýlnum, meðfram og niður af sandeyrinni að austan, út af kofanum og þaðan niður á breiðuna, og gjarnan við stóra steina, sem eru þar austanvert við miðja á. Um Brúarhýl má segja, að hann láti minna yfir sér en efni standa til, hann er vissulega ekki einn af stærstu og glæsilegustu veiðistöðunum í Sandá að sjá. En hann virðist vera meiriháttar hvíldarstaður fyrir laxinn, sem er að ganga upp.

Betra er að fara að öllu þarna sem gætilegast, því að staðurinn er eins og áður kom fram ekki mikill umfangs, áin hvorki breið né staðurinn mjög vatnsmikill, nema allra efst, og veiðimaðurinn því eiginlega alls staðar nokkuð nálægt laxinum. Þannig er rétt að fara ekki strax út á eyrina að aust-

anverðu, sé veitt þeim megin frá, því að lax getur legið fast með eyrinni, í nokkru dýpi sem þar er.

HOLAN

Holan er um 150 metrum neðan við Brúarhýl. Þar kemur hávaði eða smáfoss, laglegur staður, sem þó gefur ekki mikið. Sjálf holan er í strengnum neðan við hávaðann, þar sem brýtur á steini í miðri ánni, og er dálítil kvörn undir þessum steini. Hér hafa veiðst nokkrir tugir laxa, þar af einn stórlax, 22 pund. Hér niður af er lagleg hallandi breiða, en gefur lítið, þó að eitthvað af þeim löxum, sem skráðir hafa verið á Holuna, hafi fengizt á þessari breiðu og upp í hávaðanum.

GARÐAR

Garðar er tæpum 100 metrum neðan við Holuna. Hér er allstór hólmi í ánni, þar sem smálæna rennur að vestanverðu, en aðalvatnsmagnið fer beint niður með hólmanum að austan í áttina að Engja-vaðshýl. Við efra hornið á hólmanum er klettur úti í ánni. Neðan við hann er nokkurt dýpi og síðan góður straumur niður með hólmaröndinni, en breiða yfir að besturbakkanum.

Staðurinn nefnist Garðar eftir Garðari H. Svavarssyni veiðikappa og Þistli. Staðið er við vesturbakkann og kastað yfir að steininum og í dýpið fyrir neðan hann, þannig að straumurinn taki beituna niður með hólmanum. Þar getur lax legið í göngu, en ekki síður nokkuð út á breiðunni. Einnig mætti reyna að koma að staðnum ofan frá og langrenna niður með steininum



ENGJAVADSHYLUR

GARÐAR

HOLAN

BRÚARHYLUR

og niður fyrir hann. Garðar hefur gefið aðeins fáeina laxa, en vel er þess virði að reyna hér á leiðinni niður í Engjavaðshyl, það tekur aðeins nokkrar mínútur, því að staðurinn er ekki stór um sig, og lax mun hér taka strax, ef hann er mættur á staðinn á annað borð og hefur ekki orðið fyrir styggð.

ENGJAVADSHYLUR

Engjavaðshylur er um 100 metrum fyrir neðan Garðar, austan við miðjan áður-nefndan hólma. veiðistaðurinn er alls um 100 metra langur. Efst er krappur strengur með austurbakkanum og annar í miðri ánni, og falla þeir í hylinn, sem hvorki er djúpur né stór. Strengirnir líða út af á breiðu fyrir neðan. Botninn er stórgrýttur og standa nokkur grjótin upp úr. Lax getur hér legið uppi í harðastreng djúpt og hvar sem er á breiðunni fyrir neðan. Neðan við breiðuna standa enn steinar upp úr hlið við hlið úti í mkðri ánni, og liggur gjarnan lax ofan við þessa steina og á milli þeirra.

Neðan við þessa steina hægist áin og breiðkar nokkuð, er þar orðin frekar grunn, og getur lax legið á þessu svæði líka, einkum á bilinu skammt neðan við steinana, en síður niður undir brotinu, sem er nokkurn spöl neðar. Þar er vað í ánni, Engjavaðið. Veiða má Engjavaðshyl frá hvorum bakka sem vill, en varast ber að standa á bökkunum, sem eru grasi grónir beggja vegna, því að þá er hætt við að styggja staðinn, heldur standa í grjótinu undir bakkanum, ef veitt er frá austri, en í vatni undir bakka, ef veitt er frá vestri. Engjavaðshylur er í 13. sæti hvað snertir veiðisæld á árunum 1964-1988, með 192

laxa, meðalþyngd 8,51 pund, þar af voru tveir stórlaxar, 23 og 20 pund. Eitthvað af laxinum, sem gengur í ána, hvílist hér áður en lengra er haldið upp, en hér veiðist líka leginn lax, og er þetta trúlega ekki aðeins hvíldarstaður, heldur einnig hrygningarstaður, enda staðurinn vel hæfur til að gegna því hlutverki. Þægilegur veiðistaður, sem getur gefið ágæta veiði, þegar svo ber undir.

ÓSBREIÐA

Ósbreiða er neðsti veiðistaðurinn í Sandá, niður við ósinn eins og nafnið gefur til kynna. Frá Engjavaðshyl að Ósbreiðu eru hátt í 2 km., lengsta svæðið í Sandá án merktra veiðistaða. Komið hefur fyrir, að menn hafi fengið lax á þessu svæði, og ber þar einkum að nefna breiðu eina laglega um 700 metrum ofan Ósbreiðunnar, þar sem nokkrir hafa veiðt síðustu árin. En fæstir gefa sér tíma til að líta á þetta svæði, hvað þá heldur að ganga niður með því og reyna, sem gæti þó verið árangursríkt, þegar fiskur er í göngu. En menn kjósa heldur að aka niður á Ósbreiðu og er þá farinn vegur vestan ár og egnum hlaðið á eyðibýlinu Óslandi, sem stendur þar á háum mel úti undir sjó, og niður brekkuna að Ósbreiðunni. Hætt var að búa á Óslandi, nýbýli frá Flögu, eftir að brann á bænum fyrir nokkrum árum. Mönnum finnst gaman að koma niður að ósi, og margir hafa fundið sér þar fallegan viðardrumb til að taka með heim til minningar um þessa fallegu á. Um 100 metrum ofan við sjálfan ósinn standa björg upp úr ánni, og er aðalveiðistaðurinn umhverfis þau, ofan þeirra, milli þeirra og í strengnum austan við þau.


Nokkru neðar stendur enn stærri steinn úti í miðri á, og þar fer áin að renna brattar niður í ósinn. Síðasta spölinn rennur hún í streng með sandbakka vestan ár, og gegur lax legið í þessum streng, þegar vel er fallið að, en flóðs gætir alveg upp að áðurnefndum neðsta kletti. Áin breikkar nokkuð til austurs niður af honum, og er reynandi að

kasta einnig út á þá breiðu. Ósbreiðan hefur gefið tæpt hundrað laxa á síðustu 25 árum. Þar hafa líka veiðzt fleiri sjógengnar bleikjur en á öðrum stöðum í ánni, og er bezt að vera staddur hér á háflóði, ef reyna skal við bleikjuna. Ósinn breytist talsvert milli ára, og getur truflað göngu í ána, þegar brimar í norð-austan-garra.

Tölfræði 2001 - 2020

Mesta veiði var árið 2015 en þá veiddust 531 laxar.

Stórlaxahlutfallið árið 2016 var 78%. Mesta meðalþynd stórlaxa var árið 2018 eða 7,3 kg.



Undraheimar Sandár

Eftir

Hörð Vilberg & Jóhann Gunnar

Á köldum og vetrarlegum degi í nóvember mæla þrír menn sér mót í Elliðaárdal á heimavelli SVFR. Hvít hula hylur dalinn en þrátt fyrir veturinn gjóa þeir augum á straumrastir og flúðir Elliðaánna og láta sig dreyma um komandi sumar. Tilefni spjallsins er Sandá í Þistilfirði sem er um 600 kílómetrum frá Reykjavík en ferðalagið er vel þess virði. Margir veiðimenn hafa tekið ástfóstri við Sandá og það eru ástæður fyrir því.

Stefán Magnússon, sonur Magnúsar Ólafssonar sem skrifaði veiðistaðalýsingu Sandár, á góðri stundu á bakkanum.



Sandá er frábærlega lýst á síðunum hér að framan í veiðistaðalýsingu Magnúsar Ólafssonar. Jóhann Gunnar, árnefndarmaður Sandár og Hörður Vilberg ritstjóri Veiðimannsins settust niður með Stefáni Magnússyni, syni Magnúsar, og létu hugann reika um Þistilfjörðinn og bakka Sandár. Liðna tíma og ævintýralegar veiðiferðir framundan.

Stefán veiddi Sandá með föður sínum í áraraðir, kom þar fyrst árið 1965, ungur að árum, og tók strax ást-fóstri við ána. Menn sem veiða lengi í sömu ánni, læra á hana, þekkja sögurnar, staðina og steinana í botninum. „Þetta er úr Hornhyl“ segir Stefán með blik í auga sem aðeins sést hjá veiðimönnum sem tala um einstakar ár sem eiga lögheimili í hjarta þeirra.

„Svo er það Kofahylur! Pabbi sagði mér frá Breta, háttsettum, sennilega ofursta, sem kom hingað til lands rétt eftir fyrra stríð, sennilega 1919 eða 1920. Hann kom með vorskipinu til Seyðisfjarðar og var sennilega vel efnaður. Þar leigði hann hesta til að ferja allan búnaðinn sem hann kom með. Þetta er engin smá leið sem hann hefur þurft að fara alla leið frá Seyðisfirði og norður í Sandá. Jóhannes heitinn í Flögu, kunni sennilega eitt-hvað í ensku og gátu þeir því eitthvað

talað saman. Jóhannes kallaði saman nokkra sveitunga sína til að aðstoða við að hlaða veggi, þar sem Bretinn ætlaði að dvelja. Einnig í kringum fiskinn sem hann myndi veiða og allar vistirnar. Hann kom með talsvert marga brandýkúta með sér og hestarnir hans voru hlaðnir varningi. Hann dvaldi við ána þar til hann hafði veitt 100 laxa, þá tók hann saman föggur sínar, kvaddi og sást aldrei aftur. Í veiðistaðalýsingunni um Kofahyl, er sagt frá þessum Breta, sem var með aðsetur sitt á Stekkjarhólanesinu. Enn má sjá tóftir af vistarverum Bretans ef vel er að gáð.

Árið 1964 var Veiðiklúbburinn Þistlar svo stofnaður og þeir taka við Sandá. Þá var búið að smala saman í tíu manna hóp. Garðar Svavarsson hafði samband við pabba, sem þá var nýbyrjaður að veiða, nýkominn í árnefnd Miðfjarðarar fyrir Stangaveiðifélag Reykjavíkur. Þannig byrjar þetta hjá honum.“

Veiðimönnum er umhugað um veiðilendur sem þeir sækja og hafa í gegnum tíðina hlúð að þeim. Í Sandá hefur nokkuð verið um klakveiði og ræktun seiða. Jóhannes í Flögu, var mikill frumkvöðull og ræktunarmaður, dró á og kreisti. Hann ræktaði seiðin í bæjarlæknum við Flögu.

„Jóhannes sleppti sínum seiðum alltaf í Bjarnadalslækinn, sem kemur út í ána rétt fyrir ofan Hornhyl. Þetta skilaði mjög góðum árangri. Við Kristján Agnarsson, í Kassagerðinni, við vorum settir yfir klaknefnd í Sandá og fórum í ádrátt á haustin. Í samstarfi við Björn G. Jónsson heitinn datt okkur í hug að hann myndi taka seiði í föstur. Við fengum rúmlega 20 punda hrygnu í Húsahyl, sem við skríðum Bubbólínu, en vantaði unga graða hænga til að frjóvga hrognin. Björn vildi ekki að við tækjum gamla

hænga, en hrygnan mátti vera svona stór. Þann þriðja október fengum svo við nokkra lúsuga hænga, sjö til átta punda fiska, í Brúarhyl. Þetta var hin besta blanda.

Hann fór með þetta heim til sín í tjörn, sem við höfðum fengið gröfumann frá Þórshöfn til að útbúa, nokkurs konar gryfju með gegnumstreymi. Í þessa tjörn var svo seiðunum sleppt og þau alin í göngustærð. Tjörnin var töluvert stór fimm til sex metrar í radíus og þriggja metra djúp, með gegnumrennsli. Björn vinsaði úr aulalegustu seiðin, hélt einungis eftir þeim sterkustu. Fékk hann úr þessu sjö þúsund góð seiði. Þetta gekk allt saman vel og það er svo merkilegt að öll seiðin gengu út í 12 gráðu hita - alveg eins og fiskifræðingar höfðu sagt - um lágnætti 31. júlí. Gryfjan tæmdist öll í einu!“

Pabbi sagði mér frá Breta, háttsettum, sennilega ofursta, sem kom hingað til lands rétt eftir fyrra stríð, sennilega 1919 eða 1920. Hann kom með vorskipinu til Seyðisfjarðar og var sennilega vel efnaður. Þar leigði hann hesta til að ferja allan búnaðinn sem hann kom með. Þetta er engin smá leið sem hann hefur þurft að fara alla leið frá Seyðisfirði og norður í Sandá.



Breski ofurstinn á leið í veiði og skálar fyrir Sandá.

Ef ég mætti velja fjóra hylji í Sandá til að kasta á þá yrði það að sjálfsögðu Þriggjalaxahylur efri. Líka Verskálahylur þar sem ég tók 23 pundarann, en það þarf að læðast að þeim veiðistað ef hann á að gefa eitthvað. Það má alls ekki að láta klingja í steinum og busla úti í hylnum. Ég myndi svo alltaf fara í Þriggjalaxahyl neðri. Svo er það að sjálfsögðu Bjarnadalshylurinn.

Náttúran hefur sinn gang og atferli seiðanna þegar þau halda til hafs er merkilegt segir Stefán.

„Þegar þau ganga til sjávar, þá synda þau ekki undan straumi, heldur snúa þau höfðinu á móti straumi og láta sig sunka niður ána að ósnum. Ferðalagið tekur eina þrjá til fjóra klukkutíma á að giska. Þarna vorum við búnir að láta skjóta allan varg í ósnum og setja fullt af fuglahræðum. Það er nefnilega þannig að þegar seiðin koma í saltvatnið þá missa þau jafnvægið og snúa kviðnum upp og þá falla þau ekki lengur inn í umhverfið og eru berskjölduð fyrir vargnum. Þetta slapp þó allt saman og byrjaði að skila sér eftir tvö ár þegar stórlaxar snéru aftur úr hafinu. Vegna kostnaðar létum við þó ekki örmerkja nema helminginn. Við

fórum líka upp fyrir Sandárfoss, með kviðpokaseiði og slepptum þeim þar sem virkilega þarf að hafa fyrir lífinu. Þar var mikið af litlum kotbýlum. Það hefur verið svakalega erfitt að búa þar.”

Stefán hefur veitt frá unga aldri. En hvar byrjaði þetta allt saman?

„Ég fæddist á Akureyri og bjó þar fyrstu árin og veiddi mikið með afa í Eyja-fjarðará, Hörgá og svo í Fnjóská, sem er fyrsta laxveiðiáin sem ég veiddi í. Við bjuggum um hríð í samkomuhúsinu á Akureyri, en afi var stórtemplar og stýrði því og ýmsu öðru m.a. Hótel Varðborg, Kaffi Skandía og Borgarbíói. Ég man vel eftir að hafa búið í samkomuhúsinu, ég gat leikið mér á sviðinu og sá þar margar sýningar. Þetta voru ævintýratímar. Ég

Í Bjarnadalshyl setti ég í stærsta fisk, sem ég hef nokkurn-tíman sett í. Hann var örugglega langt yfir 25 pund ég myndi áætla að hann hafi verið um 30 pund. Ég er búinn að sjá margan stórlaxinn í návígi en engan eins og þessa hrygnu.

kom fyrst í Sandá 1965, þá var ég í sveit á Refsstað í Vopnafirði og kom með kaupfélagsbílnum yfir til þess að veiða í Sandá. Ég gæti nú sagt ykkur margar sögurnar frá Refsstað, en læt það ógert!” segir Magnús glottandi.

Hvaða veiðistaðir skyldu vera í uppáhaldi hjá Stefáni í Sandá?

Hann er ekki lengi til svars. „Ef ég mætti velja fjóra hylji í Sandá til að kasta á þá yrði það að sjálfsögðu Þriggjalaxahylur efri. Líka Verskálahylur þar sem ég tók 23 pundarann, en það þarf að læðast að þeim veiðistað ef hann á að gefa eitt-hvað. Það má alls ekki að láta klingja í steinum og busla úti í hylnum. Ég myndi svo alltaf fara í Þriggjalaxahyl neðri. Ég veð yfir á Hæðarpúfuhylsbrotinu og veiði hylinn austan megin. Svo er það að sjálfsögðu Bjarnadalshylurinn, ég hreinlega elska þann stað. Ég er búinn að fá svo ótrúlega marga fallega fiska úr

þessum magnaða stað og alla frá austurbakkanum. Ég veð yfir neðst í Stekkjarhólaneshylnum. Í Bjarnadalshyl setti ég í stærsta fisk, sem ég hef nokkurn-tíman sett í. Hann var örugglega langt yfir 25 pund ég myndi áætla að hann hafi verið um 30 pund. Ég er búinn að sjá margan stórlaxinn í návígi en engan eins og þessa hrygnu. Ég var með hana á í um það bil hálf tíma. Hún kom alveg að mér og við horfðumst í augu um stund. Þá sendi hún mér smá vink með hausnum og kinkaði vingjarnlega til mín kolli og kvaddi. Þetta var ótrúlega rómantísk stund,“ segir Stefán og bætir við. „Ég var eiginlega feginn, enda var þetta fiskur sem ég hefði aldrei tekið. Ég sleppi stórum hrygnum. Þetta var eitthvað sem ég lærði í denn.“

Veiðimaðurinn þakkar Stefáni kærlega fyrir spjallið og innsýn inn í undraheima Sandár í Þistilfirði. Ævintýri sumarsins eru á næsta leiti.



GÆÐA
VILLIBRÁÐ



VEISLUPJÓNUSTA SILLA KOKKS

www.sillikokkur.is

ALLSSKONAR VEISLUR FYRIR
ALLSKONAR TILEFNI